



STOFNÞING 27.MAÍ 2011

Umræðuskjal fyrir vinnuhóp um **Menntamál**

Það er samfélaginu mikilvægt að nýta allan þann mannauð sem býr í ungu fólki. Því er mikilvægt að ungt fólk sem ekki hefur fengið næga grunnmenntun fái annað tækifæri til náms sem eflir það og styrkir og opnar nýjar gáttir til aukinna lífsgæða. Markmiðið á að vera að öllu ungu fólki séu sköpuð skilyrði til góðrar menntunar sem undirbýr það til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Öflug og markviss menntastefna er þannig helsti lykillinn að framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem tryggir næga atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Staðan í dag

- Í skýrslu VMST um stöðu á vinnumarkaði í janúar 2011 kemur fram að skráð atvinnuleysi er 8,1%. 52% atvinnulausra hafa ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun og aldurshópurinn 20 til 34 er stærsti hópurinn á atvinnuleysissskrá, eða rúm 45%.
- Tölur Vinnuálastofnunar frá október 2010 sýna að 76% ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16–25 ára eru einungis með grunnskólapróf. Haustið 2009 var 608 einstaklingum neitað um inngöngu í framhaldsskóla. Þetta er fólk á aldrinum 18–45 ára. 22% þeirra eru á atvinnuleysissskrá. Haustið 2010 var á fimmta hundrað nemendum neitað um inngöngu í framhaldsskóla samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Ríkisstjórnin setti sér það markmið 2008 að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Í dag eru um 35% fólks á vinnumarkaði án formlegrar menntunar að loknum grunnskóla eða um 45.000 manns, sem er eitt hæsta hlutfall í Evrópu og innan OECD. Þetta hlutfall lækkar mjög hægt. Þannig er hlutfall fólks á aldrinum 25 – 34 ára án formlegrar menntunar að loknum grunnskóla um 30% og brottfallið úr framhaldsskólanum liggur nærri 28%.
- Síðustu ár hafa um 96% ungmenna farið beint í framhaldsskóla að loknu skyldunámi en hinsvegar hafa um 40% ekki lokið framhaldsskólanámi við 22 ára aldur.
- Ný lög um framhaldsfræðslu tóku gildi í október 2010. Í þeim felst viðurkenning á mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“.

Jafnframt felast í lögnum viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

- Mikilvægi raunfærnimats er ótvírætt en það er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti. Með því er byggð brú á milli starfsreynslu og menntunar sem sótt er í hinu óformlega skólakerfi framhaldsfræðslunnar og skráðrar og skilgreindrar menntunar og einingarmats í formlega skólakerfinu. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat eru mikilvæg til að byggja brýr á milli framhaldsfræðslukerfisins og formlega skólakerfisins, bæði framhaldsskóla og háskóla.

Nám er vinnandi vegur

- Á næstu þremur árum verður ráðist í sérstakt átak *Nám er vinnandi vegur* þar sem aðgengi að námi verður aukið og ný námsúrræði þróuð með sérstaka áherslu á starfsmenntun. Átakið nær til framhaldsskólastigs, framhaldsfræðslu og náms á háskólastigi, ásamt úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Áhersla verður lögð á samstarf og samfellu í þjónustu fræðsluaðila, virka ráðgjöf, úrræði og stuðning við einstaklinga.
- *Nám er vinnandi vegur* byggir á tillögum frá samráðshópi ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði. Framhaldsskólinn verður eflður og opnaður. Atvinnuleitendum verður gefið tækifæri til að mennta sig, sérstakur þróunarsjóður stofnaður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Lög um LÍN og framfærslukerfi námsmanna verður endurskoðuð, skil framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu verða gerð sveigjanlegri, námsráðgjöf eflað og vinnustaðanáms sjóður styrktur.
- *Nám er vinnandi vegur* byggir á því markmiði *Íslands 2020* að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla fari út 30% í 10% fyrir árið 2020. Með átakanu verður mun auðveldara en áður að komast að í framhaldsskóla eftir námshlé. Haustið 2011 munu skólarnir taka inn alla umsækjendur undir 25 ára sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011. Þannig gefast frábær tækifæri til að ljúka námi eða bæta við kunnáttu á ýmsum sviðum sem nýtast vel á vinnumarkaði. Þeim sem uppfylla skilyrði gefst nú kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld. Markmiðið er að veita 1000 umsækjendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu – með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn.

Hvað höfum við sagt áður?

Ályktun ársfundar 2010 um menntamál.

Stefna ASÍ

- Tryggja þarf jafnræði til náms óháð kyni, aldri, fjárhag, búsetu og þjóðerni.
- Kynna starfsnám í grunnskólum, auka umfang og fjölbreytni verkþjálfunar og breyta viðhorfum til þess.
- Auka tengsl skóla og atvinnulífs.
- Verja menntakerfið.
- Þeir sem orðnir eru 25 ára eða með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms.
- Réttur til námsleyfa.
- Gæðavotta námskeið svo þau nýtist til framhaldsnáms.
- Auka raunfærnimat.
- Fólk haldi sínum námskeiðsréttindum milli starfa.
- Að námskeið/menntun veiti umbun í launum.

Verkefni ASÍ:

- Breyta hugarfari gagnvart iðn- og verknámi. Kynna starfsnám og þá möguleika sem það opnar á vinnumarkaði.
- Opna á möguleika langtímaatvinnulausra til að hefja nám án þess að missa bætur.
- Samninga við stjórnvöld og atvinnurekendur um jafnræði til náms.
- Samninga við stjórnvöld um útvíkkun á námslánnum.
- Samninga við stjórnvöld um samræmt gæðamat á námskeiðum.
- Standa vörð um raunfærnimat.
- Hvetja atvinnurekendur til að opna frekar á að starfsfólk geti tekið launalaust námsleyfi.
- Gera sí- og endurmenntunarstarfi í fyrirtækjum hátt undir höfði með því að verðlauna fyrirtækin.

Stefna ASÍ í málefnum ungs fólks frá ársfundum 2008

Áherslur ASÍ eru:

- Að ungt fólk hafi, óháð efnahag, búsetu eða fjölskyldustöðu, tækifæri til menntunar í samræmi við þarfir sínar og aðstæður hverju sinni
- Að lögð verði áhersla á endurskoðun og aukinn sveigjanleika námslánakerfisins fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám

- Að nýjum áherslum í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verði hrint í framkvæmd
- Að dregið verði úr brottfalli og tryggt að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla
- Að námsframboð á háskólastigi verði sem fjölbreyttast og lögð verði áhersla á verk- og tæknimenntun.
- Að tryggt sé að verknám og bóknám sé metið að jöfnu
- Að sett verði lög um fullorðinsfræðslu með áherslu á annað tækifæri til náms
- Að stjórnvöld grípi til sérstakra aðgerða til að treysta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun
- Að ungt fólk fái tækifæri til sí- og endurmenntunar til að það geti þannig þróast í starfi, þróast með starfinu og til nýrra starfa
- Að ungu fólki af erlendum uppruna verði tryggð menntunartækifæri og skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og atvinnulífi
- Að Íslendingar taki virkan þátt í Evrópusamstarfi á sviði menntunar

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að tryggja að skráningargjöld í skólum og kostnaður vegna námsgagna- og tækja verði ekki til að mismuna nemendum eftir efnahag
 - Að treysta stöðu ungs fólks með litla formlega menntun, þar sem hæfni og reynsla verði metin til styttingar á námi og tryggt verði að skólakerfið viðurkenni raunfærnimat
 - Að knýja á um fjölbreyttara námsframboð í skólakerfinu með áherslu á verk- og starfsnám og að nægilegt fjármagn verði tryggt
 - Að stuðla að eflingu náms í tæknigreinum á háskólastigi
 - Að vinna að því að réttur ungs fólks til símenntunar og tækifæri til að nýta sér hana verði tryggður og að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu
 - Að tryggja í samvinnu við stjórnvöld að sett verði framsækin lög um fullorðinsfræðslu þannig að annað tækifæri til náms verði raunhæfur kostur
 - Að vinna að því að menntakerfið mæti þörfum ungs fólks af erlendum uppruna
 - Að knýja á um að námslánakerfið verði sveigjanlegra og mæti betur þörfum ungs fólks
 - Að kynna og hvetja til þátttöku í þróunar- og samstarfsverkefnum á vegum menntaáætlunar
- ESB